

Ed. 516. Frumvarp til laga [240. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Á eftir 33. gr. komi ný grein, sem verður 34. gr., svo hljóðandi:

Bannað er að henda hvers konar netum, vörpum eða öðrum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjó.

Varðar slíkt refsingu samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er alkunnugt, að oft er skemmdum veiðarfærum eða úrgangshlutum úr þeim fleygt í sjóinn af fiskiskipum. Síðustu ár hefur orðið mikil breyting á efnum til veiðarfæra í sjó, en almennt eru nú notuð gerviefni með litla eðlisþyngd. Eru þau efni miklu sterkari og endingarbetri en eldri efni og fúna seint eða aldrei.

Hér hefur því komið til nýtt vandamál vegna hinna nýju efna, þar sem línur og net og önnur veiðarfæri eða hlutar úr þeim, sem fleygt er í sjó, sökkva ekki né eyðast, heldur fljóta og eru til tjóns bæði fyrir dýralíf í sjónum og auk þess hættuleg fyrir siglingar, þar sem þessir úrgangshlutir flækjast oft í skrúfu skipa og geta því valdið ófyrirsjáanlegu tjóni og hættu.

Sjóslysanefnd, sem starfar samkvæmt 44. gr. laga nr. 52/1970, hefur vakið athygli á þessu vandamáli og talið nauðsynlegt að lögfest væri bann gegn því að henda slíkum veiðarfærum eða hluta úr þeim í sjóinn. Fulltrúi Íslands á fundum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO) hefur í nefnd um varnir gegn mengun sjávar lagt til, að sams konar ákvæði verði tekið inn í alþjóðasamþykkt, sem þar er unnið að, og er slíkt ákvæði þegar komið inn í frumdrög slíkrar alþjóðasamþykktar, sem rædd verður á alþjóðlegri ráðstefnu árið 1973.

Þar sem ekki er heimild í lögum til að banna að henda úrgangsnetum eða vörpum í sjó, þykir nauðsynlegt að lögfesta slíkt bann og er það tilgangur þessa frumvarps.